

Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Fundur haldinn þriðjudaginn 21. janúar 2014 kl. 13.00 í ráðhúsinu á Höfn.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir suðursvæði
2. Atvinnustefna þjóðgarðsins
3. Deiliskipulagsvinna við gerð svæðis fyrir íbúabyggð í Öraefum
4. Gestakomur í Skaftafelli og Gömlubúð árið 2013
5. Umsögn um lagabreytingar
6. Önnur mál.

Mætt voru: Reynir Arnarson, Björn Ingi Jónsson, Guðrún Ingimundardóttir, Hildur Þórsdóttir og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Sigurlaug Gissurardóttir boðaði forföll. Þórður Ólafsson var í síma.

Ákveðið var að byrja á lið 4. þar sem Þórði framkvæmdastjóra seinkaði aðeins.

Gestakomur í Skaftafelli og Gömlubúð árið 2013.

Regína kynnti gestatölur úr Skaftafelli og Höfn. Fjölgun varð alla mánuði ársins í Skaftafelli frá fyrra ári og er áætlaður fjöldi ferðafólks sem heimsækir Skaftafell nú kominn í 270.000 en var um 240.000 í fyrra. Hlutfallslega er aukningin mest yfir vetrartímamann (október – apríl) og koma nú um 10 % ferðamanna á þeim tíma miðað við um 3% árið 2010. Hildur velti upp þeirri spurningu hvort svæðisráð ætti að taka upp umfjöllun um fjölgun ferðafólks og móta sér skoðun á því. Guðrún vildi alls ekki meina að það væri massaferðamennska á Íslandi eins og staðan er í dag. Reynir tekur undir að þetta séu fínar vangaveltur og það væri áhugavert að taka slíka umræðu og og þá í samhengi við hvaða stöðum ætti að bæta við og byggja upp sem áfangastaði.

Fjárhagsáætlun fyrir suðursvæði.

Þórður kynnti rekstraráætlun fyrir suðursvæðið fyrir árið 2014 og fór yfir rekstrartölur ársins 2013. Rekstrarkostnaður á síðasta ári var um 2 milljónum meiri en áætlað var, en sértekjur um 9 milljónum hærri þannig að gjöld umfram sértekjur voru um 7 milljónum lægri en áætlunin gerði ráð fyrir eða rúmlega 43 milljónir. Heildarniðurskurður til reksturs alls þjóðgarðsins fyrir árið 2014 eru 6 milljónir sem skiptast á svæðin. Rekstur er því á svipuðu róli og í fyrra í upphæðum en þá á eftir að taka tillit til verðlagsbreytinga.

Björn Ingi spurði hvort ekki væri hægt að fá rekstrartölur allra svæða sundurliðaðar fyrir svæðisráðsmenn til að glöggva sig á. Reynir spurði hvort það væri kannski hægt t.d. á næsta stjórnarfundum. Þórður svaraði því til að yfirleitt væri aðeins farið yfir heildarrekstrarkostnað á stjórnarfundum. Kostnaður við skrifstofu í Reykjavík er t.d. ekki inni í tölum suðursvæðis. Þórður fór stuttlega yfir framkvæmdaáætlun, en fé til framkvæmda var skorið mjög mikið niður og er nú upp. 90 milljónir. Áhersla lögð á að ljúka þeim framkvæmdum sem eru í gangi t.d. aðgerðum við Dettifoss og hitaveitulagningu í Skaftafelli. Þá er göngubrú yfir Kolgrímu einnig forgangsverkefni fyrir næsta ár og Þórður gerði grein fyrir að verið væri að vinna að umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða í byggingu göngubrúar. Reynir velti því upp hvort það væri raunhæft að innheimta bílastæðagjald í Skaftafelli. Þórður sagði að það væri svolítið verið að bíða eftir aðgerðum stjórnvalda í slíkum

aðgerðum, en það væri auðvitað annað að innheimta gjöld fyrir að heimsækja náttúruperlur eða fyrir veitta þjónustu.

Rekstraráætlun var borin undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt af öllum viðstöddum.

Hildur Þórsdóttir yfirgaf fundinn eftir umfjöllun um rekstraráætlun.

Atvinnustefna þjóðgarðsins

Fundarmenn gerðu ekki efnislegar athugasemdir við innihald atvinnustefnuna en lögðu áherslu á að hún myndi nýtast sem best sem stjórnþæki fyrir þjóðgarðsverði. Björn Ingi og Reynir gerðu þó athugasemdir við uppsetninguna eins og hún er núna og vildu að reynt yrði að setja stefnuna sjálfa upp í stuttu máli, en síðan væri vísað í viðauka til að fá nánari útfærslu varðandi t.d. hverja tegund af samningum.

Umsögn um lagabreytingar (þessi dagskrárliður var færður fram fyrir deiliskipulagsvinnu)

Björn Ingi taldi að ekki ættu allar þær breytingar sem eru taldar uppi í fylgiskjalinu heima í lögum, heldur frekar í reglugerð eða jafnvel í stjórnunar- og verndaráætlun. Samlesað þyrfti vel ákvæði laga og reglugerðar til að átta sig á hvar þarf að gera lagabreytingar því ítarlegri útskýringar ættu frekar heima í reglugerð. Regína benti á að það væri t.d. misræmi á hlutverki þjóðgarðsvarða í lögum og reglugerð sem þyrfti að skoða.

(slökkt á fundarsíma kl. 14:25)

Deiliskipulagsvinna við gerð svæðis fyrir íbúabyggð í Örafum

Reynir gerði grein fyrir að hugmyndir væru uppi um skipulagningu íbúðabyggðar og atvinnustarfsemi við Hof og Hnappavelli í deiliskipulagsvinnu fyrir svæðin og taldi líklegt að eitthvað svæði myndi bætast við í Freysnesi.

Önnur mál

Björn Ingi lætur bóka að hann harmi það að stjórn hafi snúið við ákvörðun og bókun svæðisráðs um að hafna umsókn Jöklamanna um að setja upp starfsmannabúðir í Skaftafelli, með því að veita þeim bráðabirgðaleyfi til eins árs, á fundi stjórnar 18. desember 2013 í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 14:35